

14. apríl 2005

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 8. apríl 2005 óskaði allsherjarnefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir, 667. mál, EES-reglur.

Frumvarpið felur í sér innleiðingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/47/EB frá 6. júní 2002 um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir. Í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur fram að Seðlabanki Íslands átti fulltrúa í nefnd sem falið var að gera tillögu um nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar tilskipunarinnar.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemd við frumvarpið enda byggir það á tillögum nefndarinnar.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Birgir Ísleifur Gunnarsson  
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason  
bankastjóri